



1, 6

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

MAI, 1906

### Við börnin.

Eftir séra *Steindór* heitinn *Bricm.*  
(Lag: Sólin ljóma sínum skrydd.)

1. Komið hingað, kæru börn;  
komið hérrna út á völlinn;  
skoðið þessa skæru tjörn,  
skóginn, engið, lækinn, fjöllin;  
skoðið jörð og himin, haf;  
hver var sá, er þetta gaf?
2. Enginn maðr gat það gjört,  
glögt það vér á öllu sjáum;  
sannleik þennan sólin björt  
sýnir best, ef að vér gáum.  
Hver gaf oss á loftið ljós,  
lit á þessa fögru rós?
3. Skoðið blómin, blá og gul,  
bleik og rauð um allan hólinn;  
upp þau ljúkast ár-risul,  
öll þau vekur blessuð sólin.  
Allur þessi skrúði' og skraut  
skreytir sérhvern hól og laut.
4. Heyrið þið ei einhværn óm  
uppi' í lofti — fugla kliðinn —?  
Einnig þeir með þýðum róm

- þakka fyrir daginn liðinn.  
 Skepnur lofa skaparann;  
 skyldum vér ei göfga hann?
5. Lifið öllum guð oss gaf,  
 greind og þekking, frjálsan vilja,  
 gaf oss sínum anda af  
 anda til að hugsa' og skilja;  
 gaf oss cinnig öllum mál,  
 ólauðlega gaf oss sál.
  6. Dásamlegt er drottins verk,  
 dýrð og máttur, gæska' og speki;  
 hans er örlat hönd og sterk,  
 hijá oss, lofgjörð þetta veki.  
 Annast drottinn öll sín börn,  
 athvarf þeirra' er, hjálp og vörn.
  7. Lofar guð hvert lítið blóm  
 lit og skrúði sínu meður;  
 syngur lof með sínum róm  
 sérhver skepna', er drottinn gleður.  
 Lofi hann vort hjarta' og mál,  
 hugur, verk og líf og sál.
- 

### Notið tímann vel.

#### IV.

Ekki er eg enn þá búinn að tala út við ykkur um tímann ykkar, börnin mínn góð. En þið megið ekki láta ykkur leiðast. Ef ykkur er farið að leiðast, þá verðið þið að segja mér til. Eg hætti þá — um stund að minsta kosti, og fer þá að tala við ykkur um eitthvað annað. Því þegar ykkur fer að leiðast að hlusta á eitthvað, þá er ekki til neins að tala við ykkur um það. Þið heyríð þá ekki það, sem sagt er. En nú langar mig einmitt til bess, að þið heyríð og takið eftir því, sem eg segi við ykkur. Að til þið þá að taka eftir? Eg treysti því.

---

Eg byrja á að óska ykkur *gleðilegs sumars*. Það er gamall og góður íslenskur siður að heilsa hver öðrum með ósk um *gleðilegt sumar*, þegar menn hittast fyrst í sumar-byrjun. Okkur Íslendingum hefur æfinlega þótt sérstaklega vænt um sumarið, ef til vænna en nokkurri annarri þjóð. Þess vegna höfum við fagnað sumrinu með sérstökum háttíðardegi, *sumardeginum fyrsta*. Eg held engin þjóð geri það nema við. Og við

ættum að halda áfram að gera það eins lengi og við viljum vera Íslendingar. Það er svo fallegt að fagna sunrinu með sérstöku hátiðarhaldi.

Eg minnist á sumarkomuna við ykkur, af því vorið á sérstakt erindi til ykkar. Alt lífið, sem á vorin vaknar og lætur til sín sjá og heyra og á vorin byrjar og býr sig undir summarblóma, hefur skilaboð til ykkar frá guði. Illustið nú á!

Vorið minnir ykkur á æskuna ykkar.

„Unaðs aldur, inndælt bernsku-vor“. (Sjá erindin 97 í nýju „Söngvunum“.) Aðskan er vorið í lífi ykkar. Þá eins og vaknar lífið hjá ykkur og lífnar og fer að láta til sín sjá og heyra. Þegar þið eruð heilbrigð, spríklar fjörið í ykkur. Syngjandi veltist það í öllum vöðvum ykkar og taugum, og leikur í öllum línum og liðamótum. Ykkur þykir gaman að lífa. Nýjar og nýjar hugsanir vakna og með þeim nýir og dýrðlegir draumar. Ókvíðin og áhyggjulaus lífið þið lífið ykkar. Aðskan ykkar er inndæl. Það eru skilaboð frá guði, sem vorið hefur að flytja ykkur.

En það eru ekki öll skilaboðin. Þau eru líka það, að æskan ykkar sé tími, sem þið sérstaklega þursið að numa að fara vel með. Það eru alvarleg skilaboð. En ykkur á ekki að þykja síður vænt um þau fyrir það. Alvara þeirra á ekki að *dragá úr gleði* ykkar. Guð vill það ekki. Guð vill ekki minka gleði ykkar, heldur auka hana. Hann vill einnig, að þið farið svo með æskuna ykkar, að lífið ykkar alt megi verða fallegt líf og ykkur megi ætið þykja vænt um að lífa. Alvara skilaboðanna að hjálpa ykkur til þess að æsku-vorið ykkar megi verða að fögru sumri.

En alvarleg eru þau, börn, af því þið getið farið svo með æskuna ykkar, að lífið ykkar verði ekkert summarlíf. Aðskan ykkar getur lagt stóran skugga yfir alt lífið ykkar. Og hún gerir það greinilega, ef þið farið illa með hana. Og það eru engir skuggar á lífi mannsins jafn-svartir og skuggarnir frá æsku þeirri, sem illa hefur verið farið með. En guð vill ekki, að neinir skuggar sé á lífi ykkar. Hann vill, að það sé bjart yfir því. Þess vegna lætur hann flytja ykkur þessi skilaboð, að þið skulið fara vel með æskuna ykkar, vortimann ykkar.

Nú er vorið sáðtími. Þá á að sá til þess, sem vaxa á á sunrinu. Getur bóninn, sem ekki hugsaði neitt um að sá á vorin, átt von á að fá nokkra uppskeru? Og fór hann ekki illa með vorið, þegar hann hirti ekki um að sá? Og hlýtur ekki það að breiða skugga yfir sumarið hans og haustið? Eins líka,

ef hann sáði illu sæði í stað þess að sá góðu? Sjálfsagt. Það skiljið þið.

Aðskan er nú ykkar sáðtimi. Gáið að því. Þá eigið þið að sá — sá fyrir ókomna tímam. Og þið eigið eimmið að sá til þess, sem þið viljið að spretti.

Ykkur þykir vænt um blóm — vænt um falleg blóm. Og ef þið eigið blóma-beð, þá viljið þið sá til fallegra blóma, og þið viljið, að þau spretti. Og ykkur þykir gaman að horfa yfir beðið ykkar, þegar blómin, sem þið sáðu til, eru komin upp og brosa svo hýrt við ykkur og þakka ykkur fyrir, að þið sáðu til þeirra og hirtuð vel um þau. Þakka ykkur fyrir, að þið tínduð burt illgresið og gáfuð þeim að drekka og hjálpuðuð þeim til að vaxa og verða falleg. En ekki þykir ykkur gaman að horfa yfir beðið, ef illgresi eg óhjörðing glotta kalt við ykkur frá því — öll blómin ykkar eru köfnuð og dáin, og ykkur sjálfum er að kenna um það.

Þið viljið öll, að lífið ykkar verði eins og fallega blóma-beðið, en ekki eins og ljóta beðið óhirta með illgresinu í og dánu blómunum. En þá þursið þið að muna að fara vel með æskuna ykkar, sáðtímann ykkar. Muna að sá til þess, sem þið viljið að spretti, og hirða vel um það.

Hvað á að spretta hjá ykkur? Það, sem guð vill að spretti, Því þá verðið þið eins og fallega beðið. Og skilaböðin til ykkar frá guði, sem vorið hefur meðferðis, eru þessi: *Trúin og kærleikurinn og hlýðnin eiga að spretta hjá ykkur.* Þið eigið eimmið í æskunni að sá til þessara blóma, hlúa vel að þeim og ekki lofa neinu illgresi að spretta hjá ykkur. Versta illgresið er *óhlýðnin* — óhræsis óhlýðnin, sem kyrkir og kæfir öll blóm hjá ykkur, ef þið lofið henni að vaxa.

Munið þá að sá til *trúar, kærleika og hlýðni* hjá ykkur. Gerið það með því að lesa *guðs orð* og læra það og hlýða því. Og munið að tína vandlega burt hvert óhlýðnis-strá undir eins og það stingur upp broddunum. Þá vaxa fallegu blómin hjá ykkur og þá verður bjart yfir lífi ykkar.

*Já, munið að fara vel með æskuna, sáðtímann ykkar.*

### SVÖR.

Eg hef fengið svör frá nokkrum börnum upp á spurningarnar út af sögunni: „*Steinninn í veginum*“. Eg þakka ykkur öllum kærlega fyrir sendingarnar. Í næsta blaði skal eg minnast á svörin. Kannske líka fleiri hafi þá bretst við, Mér er mikil ánægja að því að fá bréf frá ykkur.

### Sending.

Bergþóra litla á Framnesi segir ykkur, börn, þessa sögu af  
*LITLUM DRENG OG LAMBI.*

Einu sinni fyrir löngu bjó fátek ekkja í litlum kofa. Hún átti dreng 10 ára gamlan, sem henni þótti ósköp vænt um. Vegna hans vildi hún lífa. Annars hefði hún helst viljað fá að fara heim til guðs. Stór lekur raun skamt frá kofanum hennar. Á bökkunum við hann var fallegt, og þar uxu mörg, mörg blómi. Drengnum litla þótti mest gaman að vera hjá læknum og leika sér þar. Hann átti margar skeljar og marga fallega steina, sem hann hafði tínt saman. Honum fanst hann vera ríkur, þegar hann horfði á allar skeljarnar sínar og steinana. En enn þá ríkari var hann orðinn, sanst honum, þegar hann stóð með hendurnar fullar af allra handa blómum, sem haun hafði tínt við lækinn sinn. Og nú ætlaði hann sér að byggja stórt og fallegt hús handa henni mömmu sinni. En hjá leknum átti það auðvitað að standa inni á milli blómannna. Það var ekki til fall-egri staður í öllum heiminum. Og náttúrlega átti mamma hans að búa á fallegasta staðnum.

Einn fallegan vordag er hann sem oftar að leika sér hjá leknum. Honum verður þá lítið út á lekinn spölkorn frá sér. Sér haun þá lítið lamb, sem oltið hafði út í lækinn og var að drukna. Hann var berfættur, brettir í snatri buxumum vel upp, veður út í lekinn og nær lambinu. Fer hann svo með það heim til mömmu sinnar. Þau ljúkra lambinu, og það kemur til.

Nokkru seinna kemur aldraður madur til þeirra. Hann spyr þau, hvort þau hafi orðið vör við nokkurt lamb. Þau segja það. Og fer drengurinn að sækja lambið, en móðir hans segir manninum söguna. Þegar drengur kemur með lambið, klappar hann á kollinn á honum og gefur honum lambið. En við ekkjuna segir hann, að hve nær sem hún þurfi einhvers með, þá megi hún leita til hans.

Það þarf ekki að segja frá því, að þau bæði urðu glöð. Og bæði þókkuðu þau innilega góða manninum fyrir sig. En þau gleymdu ekki að þakka guði líka, sem var góður við þau og hafði sent þeim þennan mann.

---

REYNSLA ÓLAFS LITLA.  
 (Lauslega þýtt.)

Það var nýbúið að ferma Ólaf litla. Og ausýnilega þótti honum vænt um ferminguna sína og var glaður.

En skömmu seinna kemur hann heim og segir mömmu sinni, niðurlútur og rjóður, að dóna-strákur einn hafi hlegið að honum og í háði kallað til hans: „Svei, nú ertu orðinn kirkjulímur!“

Mamma hans tók þá bíblíuna, fletti henni upp og las fyrir hann, hvað Páll postuli segir um, að hann fyrirverði sig ekki fyrir fagnaðarerindi Jesú Krista (Róm. 1, 16).

Þá lítur Ólafur upp á mömmu sína og segir: „Ó, mamma! Mér þykir svo fyrir, að eg skyldi fyrirverða mig. Eg skal reyna að vera hugaður eins og Páll og þora ófeiminn að játa eins og hann, að eg sé kristinn.“

Um kvöldið, áður en Ólafur hártaði, kraup mamma hans niður til bænar við hliðina á honum, og bað góðan guð að leiðbeina drengnum hennar og styrkja hann, svo hann verði nógur sterkur, til þess að játa með djörfung trúna á drottin hans og frelsara Jesúm Krist, hvað mikil gys sem gert verði að honum fyrir það.

### RÆÐAN HANS ÁRNA LITLA.

(Þýtt.)

Árni hafði verið í kirkju á sunnudaginn. Mánudaginn hugsaði hann sér, að hann skyldi sjálfur hafa messu. Systur sínar fjórar fær hann til þess að vera söfnuðurinn. Svo stígur hann upp á stól og fer að taða og talar hátt. Þetta er partur af ræðunni, sem hann flutti:

Efni ræðu minnar er: *Gegndu henni mömmu!* — Það er með tvemnu móti að þið eigið að gegna henni til alls, sem hún biður ykkur.

Fyrst er það, að þið eigið að gegna henni *undir eins*. Þegar hún segir: „*Maria, gerðu svo vel og sektu handa mér við eða vatn*“ eða — „*Hlauptu í búð fyrir mig!*“—þá áttu ekki að svara: „Já, mamma míð, eftir *cina mínutu*“. Ein mínutá er svo löng hjá krökkum, miklu lengri en mínutá klukkunnar. Um leið og þið segið já með vörumum, eigið þið að segja já með höndunum og fótunum. Þið eigið ekki að *segja „já“*, og *gera* svo „nei“. Að segja: „Já, eftir *cina mínutu*!“ er ekki að gegna, heldur það að *gera „já“*.

Þá er það næst, að þið eigið að gegna *fúslega*. Setjið ekki upp ólund, þegar hún biður ykkur að hætta að lesa. Og farið ekki að væla, þegar hún bannar ykkur að leika ykkur. Þið vilduð hreint ekki eiga hund, sem ekki gegndi ykkur öðru vísi

en með því að búa til kollhúfu, urrandi og glepsandi til ykkar. Og stúlkur ættu að kunna að gegna æði-mikið betur en hundar.“

Samskonar ræða og þessi á eins vel við drengi vitanlega. Eða finst ykkur það ekki, stúlkur mínar!

### HVERNIG HUNDUR HEFNDI SÍN.

Ungur maður í bæ einum við Mósel-ána\*) ætlaði sér fyrir fáum árum síðan að drekkja stórum loðhundi, sem hann átti. Hann tímdi ekki að borga skatt af honum. Hann bindur Stein um hálsinn á hundinum, fer með hann í bát, og rær út á miðja ána. Þá fleygir hann hundinum útþyrðis. Hundurinn sekkur undir eins. En snærið, sem steinninn var bundinn með, slitnar, svo hundurinn kemur upp aftur eftir litla stund. Syndir hann nú af öllum mætti á eftir bátnum, til þess að komast til hús-bóna síns. En í hvert skifti, sem hundurinn nálgast bátnum, rekur hann í hann árina og hrindir honum burt. Þessu fer nú fram nokkra hríð, þangað til ungi maðurinn verður reiður, þrifur báðum höndum um aðra árina og ætlar sér að rota hundinn með henni; en um leið og hann reiðir til höggs, missir hann jafnvægið, dettur útþyrðis og fer á kaf. Vesalings-hundurinn bregður óðar við og dýfir sér á eftir honum, nær í hann og kemst með mestu herkjum með hann til lands. — Þannig bjargaði hann bæði lífi herra síns og sínu eigin. Því eftir þetta taldi ungi maðurinn ekki eftir sér að borga skattinn.

*Börn!* Kærleikurinn getur það, sem kærleiksleysinu finst ekki vera unt að gera. Kærleiksleysinu finst ekki vera unt að borga neina skatta, ef komist verður hjá því. Kærleikurinn bæði vill sjá veg, enda sér hann líka vegi, til þess að borga alla sína skatta.

Unga manninum fór ekki að þykja verulega vænt um hundinn sinn fyrr en hann fann til þess, hvað hundurinn hafði lagt í sölurnar fyrir hann. Eins fer okkur mönnunum aldrei að þykja vænt um guð fyrr en við finnum til þess, hvað hann lagði í sölurnar til þess að frelsa okkur. Við þurfum að finna til þess; þá fer okkur að þykja vænt um hann og þá viljum við

\*) Þverá mikil á Þýzkalandi, sem rennur út í fljótið Rín.

gera eitthvað fyrir hann. Ella reynum við að komast hjá öllu, sem okkur er unt.

Svo ein spurning:

Þegar einhver er vondur við ykkur, hefnið þið ykkar þá eins og hundurinn sá arna gerði, sem sagan er um?

### TIL GAMANS.

*Mismæli.* — Presti nokkrum, sem oft var utan við sig, hætti við að segja ýmislegt, sem sóknarbörn hans brostu að. Einn sunnudag bar hann fram eftirfylgjandi auglýsingi: „Öll börn, sem eiga foreldri, er þursa að skírast, eru bedin að koma næsta sunnudag með þau til skírnar, að lokinni morgunguðsþjónustu.“

*Nærgætni.* — Lítill drengur biður mömmu sína að ljá sér blýant. Hún svarar: „Eg lét pennu og blek á stofuborðið handa þér til þess að skrifa með lexíuna þína. Því viltu ekki heldur brúka það en blýant?“

Drengurinn þegir stundarkorn. Segir síðan með mestu stillingu: „Mamma, heldurðu ekki, að „Lögberg“ sé gagnlegt blað?“

„Jú, auðvitað! En hvað?“ — „Já, sjádu til,“ — segir strák-ur — „eg þarf að fá blýant til þess að skrifa ritstjóranum og biðja hann að gefa mér ráð til þess að ná blekblettum úr gólf-teppum.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð éinn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“ — barnablaðið nýja — er sér-stök deild í „Sam.“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega — og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barn-anna“. Einnig gegnir hann féhirðisstörfum fyrir kirkjufélagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Canada.